



**SEEDS** - Sjálfbær umhverfis landið

Grettisgata 3a

101 Reykjavík

IS – Iceland

[www.seeds.is](http://www.seeds.is)

[seeds@seeds.is](mailto:seeds@seeds.is)

Phone: +354-7713300

**SEEDS** kynnr spennandi verkefni í Lesponne, Hautes Pyrénées, **Frakklandi**.

Hefur þú áhuga á að ferðast, hitta nýtt fólk og kynnst nýrri menningu á skemmtilegan hátt?

SEEDS mun senda 2 Íslendinga 18 ára og eldri til þátttöku á námskeiði **“Looking for the Unicorn”** sem mun fara fram í bænum Lesponne, Hautes Pyrénées í Frakklandi.

Hefur þú áhuga á að taka þátt?

**Hvenær:** 25. apríl – 3. maí 2015.

**Umsóknarfrestur:** Til mánudaginn 30. mars 2015.

**Þema og markmið námskeiðisins:**

Þema námskeiðisins er umhverfisvernd. Þátttakendur munu læra hvernig hægt er að vekja athygli á náttúrunni með því að segja sögur. Verkefnið er ætlað þeim sem starfa með ungu fólk og hafa áhuga á að vekja athygli þeirra á náttúruvernd á skemmtilegan hátt.

Líkt og á öðrum vinsælum fræðslunámskeiðum munu margar aðferðir vera nýttar, til dæmis umræður í blönduðum hópum, handverk, og reynslusögur þátttakenda. Allir verða virkir þátttakendur á öllum stigum verkefnisins frá upphafi þess til loka.

**Þáttökulönd auk Íslands:** Ítalía, Þýskaland, Spánn, Hvíta-Rússland, Úkraína, Rússland og Svartfjallaland.

**Fjöldi þátttakenda:** 2 eða 3 þátttakendur frá hverju landi á aldrinum 18 ára og eldri. Athugið að þátttakendur verða að hafa náð 18 ára aldri við upphaf námskeiðisins, en það er ekkert hámark á aldri. Mikilvægt er að þátttakendur starfa með ungu fólk.

**Skilyrði til þátttöku:**

- Áhugi á að taka þátt í verkefnum þar sem stuðst er við óformlega kennsluhætti.
- Áhugi á að vekja athygli á umhverfisvernd hjá ungu fólk.
- Gott vald á talaðri ensku.
- Áhugi á að deila reynslu sinni og lærdómi af verkefninu með SEEDS eftir heimkomu.
- Þátttakendur skuldbinda sig til að vera virkir þátttakendur á verkefninu frá upphafi þess til loka.

**Aðstaða:** Þátttakendur munu deila svefnherbergjum í yndislegu húsi í dalnum Lesponne í Suður-Frakklandi, og fá aðgang að sameiginlegu eldhúsi og baðherbergi. Námskeiðin mun fara fram í fjöllum í Haute Pyrénées, og það verður farið í fjallgöngur.



**SEEDS** - Sjálfbær umhverfis landið

Grettisgata 3a  
101 Reykjavík  
IS – Iceland  
[www.seeds.is](http://www.seeds.is)  
[seeds@seeds.is](mailto:seeds@seeds.is)  
Phone: +354-7713300

**Kostnaður:** SEEDS hefur hlotið styrk til þátttöku í verkefninu frá Erasmus+, ungmennaáætlun Evrópusambandsins. Þátttakendum mun því verða séð fyrir fæði og húsnæði á meðan á verkefninu stendur auk þess sem gjarnan er boðið upp á einhverskonar skoðunarferðir um svæðið.

Þátttakendur munu að auki fá 360€ af ferðakostnaði endurgreitt eftir heimkomu vegna námskeiðisins, þegar öllum ferðagögnum hefur verið skilað til SEEDS og greiðsla hefur borist frá landskrifstofu Evrópusambandsins í því landi sem ferðast var til.

Þeir umsækjendur sem valdir verða til þátttöku greiða umsýslu- og þáttökugjald SEEDS sem er 10.000 kr.. Þeir sem ekki verða valdir að þessu sinni greiða ekkert gjald.

Gjaldið fæst ekki endurgreitt, jafnvel þó þátttakandi þurfi að hætta við ferðina.

Umsóknareyðublað er að finna á:

<http://www.seeds.is/files/2015/SEEDS-Application-Form.doc>

Áhugasamir eru beðnir um að fylla eyðublaðið út og senda það á [outgoing@seeds.is](mailto:outgoing@seeds.is) fyrir 30. mars 2015. Hafið í huga að þegar okkur berast margar umsóknir skiptir innihald umsóknarinnar miklu máli við val á þátttakendum.

Nánari upplýsingar um verkefnið veitir Linda Valsdóttir, verkefnastjóri hjá SEEDS á netfanginu [outgoing@seeds.is](mailto:outgoing@seeds.is).



Erasmus+